



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

553. stjórnarfundur 3. desember 2020 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ, fréttabréf með frumvarpi félagsmálaráðherra um styrki fyrir íþróttafélög.

Tölvupóstur frá ÍRB/ÍSÍ með sóttvarnarreglum til 9. desember 2020.

Tvær fundagerðir barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar frá 26. og 30. nóvember 2020.

Tölvupóstur frá UMFÍ, Skinfaxi, tilnefning á sjálfboðaliða. Þórólfur Þorsteinsson tilnefndur frá okkur.

Tölvupóstur frá Öldu Kristinsdóttur vegna þjálfaramála hjá unglingaráði knattspyrnudeildar. Fundargerð körfuknattleiksdeildar frá 23. nóvember 2020.

Fréttabréf frá UMFÍ, hugum að heilsunni #verumhraust.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð með upplýsingum vegna covid reglna.

Bréf sent á íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar vegna framtíðarsýnar Keflavíkur.

Keflavík vill koma að hönnun á væntanlegu fjölnota íþróttahúsi sem fyrirhugað er að rísi við Afreksbraut, einnig var minnst á fimleikahús.

4. Íþróttakarlar og íþróttakona Keflavíkur 2020

Ákveðið er að heiðra íþróttakarlar og -konu hvernar deildar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningum frá deildum félagsins.

5. Jólblaðið Keflavíkur

Jólblaðið er komið og stækkaði frá fyrra ári og er nú 44 blaðsíður. Opnuviðtalið er við Kristín Guðbrandsson. Blaðinu verður dreift í Reykjanesbæ fyrstu helgina í desember og sér knattspyrnudeildin um að dreifa blaðinu. Forsíðumynd er af Emmu Jónsdóttur fimleikastelpu.

6. Heimasíða

Heimasíðan er nánast tilbúin. Hjördís er að skoða með deildum hvað eigi að vera inni á síðunni hjá þeim og flokka. Lagt var til að aðgangur verði í höndum Hjördísar og Einars sem sjá um síðuna.

7. Önnur mál

- A. Það er búið að kaupa jólaljósahringi í gluggana á félagsheimilinu og á skrifstofur.
- B. Ný vefverslun, keflavikurbudin.is er í vinnslu.
- C. Umræða um ÍSÍ og æfingar hjá 16 ára og eldri.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 10. desember 2020

Fundi slitið kl. 19:20

Fundinn ritaði Eva Björk